

**Aðalfundur Félag rannsóknastjóra á Íslandi**  
**5. maí 2017 kl. 11.00 til 12.00 á Grand Hótel, Reykjavík**

**Fundargerð**

Mættir voru 15 félagsmenn, allir með atkvæðarétt.

**1. Kosning fundarstjóra og fundarritara**

Gyða Einarsdóttir var einróma kjörin fundarstjóri og Eiríkur Smári Sigurðarson var einróma kjörinn fundarritari.

**2. Skýrsla stjórnar lögð fram**

Ásta Sif Erlingsdóttir, formaður, kynnti skýrslu stjórnar sem var lögð fram á fundinum. Hún lagði áherslu á heimasíðu félagsins, en þar eru ásamt upplýsingum um félagið ýmis gögn sem gagnast rannsóknastjórum. Hún sagði frá vel heppnaðri málstofu um hug- og félagsvísindi sem var haldin á Háskólanum á Bifröst 14. október 2016, félagsfundi um Rannsóknasjóð (Rannís) og sóknarstyrki, sem haldin var í Háskólanum í Reykjavík 30. mars sl. og þátttöku félagsmanna í ýmsu alþjóðlegu samstarfi. Skýrslan var einróma samþykkt.

**3. Reikningar lagðir fram til samþykktar**

Kristján Kristjánsson, gjaldkeri, lagði fram reikninga félagsins. Skráðir félagar eru 44 og eigið fé er rúm ein milljón 5. maí 2017. Ásta Sif benti á að félagið ætti eftir að fá greiddan styrk frá EARMA vegna heimsóknar M. Siesling í október 2016. Reikningar voru einróma samþykktir. Björgin Ægir Richardsson var einróma endurkjörinn eftirlitsmaður reikninga.

**4. Lagabreytingar**

Engar tillögur að lagabreytinum höfðu borist.

**5. Ákvörðun félagsgjald**

Kristján Kristjánsson, gjaldkeri, lagði til óbreytt félagsgjald upp á 10.000 kr. Tillagan var einróma samþykkt.

**6. Kosning stjórnar**

Ásta Sif Erlingsdóttir, formaður, og Oddný Gunnarsdóttir, ritari, buðu sig áfram fram til stjórnar. Kristján Kristjánsson, gjaldkeri, bauð sig ekki fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Elísabet Andrésdóttir, varamaður, og Anna Kristín Daníelsdóttir, varamaður, buðu sig aftur fram. Á fundinum var borin fram tillaga um að Eiríkur Smári Sigurðarson tæki sæti í stjórn. Ásta, Oddný og Eiríkur voru einróma kjörin í stjórn og Elísabet og Anna voru einróma kjörnar sem varamenn.

**7. Önnur mál**

Undir öðrum málum kynnti Kristín Erla Harðardóttir vinnu í COST netinu BestPrac. Hún lagði áherslu á vinnu við lagaleg mál og lausn deilumála. Á heimasíðu BestPrac (<http://www.bestprac.eu/home/>) eru upplýsingar og gögn sem er gott að hafa aðgang að.